

SHOPRIDER®



ATHUGIÐ

Lestu
eigandahandbókina
áður en þú notar
rafskutluna þína.



TE-889XLSBN



TE-889XLSBN (TÜV)

Eigandahandbók á íslensku Pro Country

Öryggismiðstöðin – Askalind 1, 201 Kópavogur

EFNISYFIRLIT

KYNNING	3
UPPTALNING Á BÚNAÐI	4
VARNADARORD	5
VIÐVÖRUN UM RAFSEGULTRUFLANIR	7
STILLINGAR	9
STJÓRNТАKКАR Á STÝRI	11
FRÍGÍR	13
FYRSTU SKREFIN VIÐ NOTKUN RAFSKUTLUNNAR	14
VIÐBÓТАRLEIÐBEININGAR UM STJÓRN RAFSKUTLUNNAR	15
RAFHLÖÐUR OG HLEÐSLUTÆKI	16
VIÐHALD	17
LEIÐBEININGAR FYRIR BILANAGREININGU	19
TÆKNILÝSINGAR	20
ATHUGASEMDIR	21
FYRIRVARI	22



KYNNING


Til hamingju með kaupin á þessari SHOPRIDER®-rafskutlu. Þessi rafskutla er búin nýrri framsækinni einkaleyfisvarinni hönnun sem er aðeins í boði í SHOPRIDER®-rafskutlu. Hægt er að nota þessa rafskutlu utandyra. Beintengdur sambyggður gírkassi og drif og rafsegulknúnir hemlar koma þér á milli staða á öruggan og skilvirkan hátt. Þessi SHOPRIDER®-rafskutla er hönnuð fyrir einstaklinga með skerta hreyfigetu.

Lestu þessa handbók vandlega í gegn áður en þú notar rafskutluna þína og gakktu úr skugga um að þú skiljir allar leiðbeiningarnar.


UPPTALNING Á BÚNAÐI

1. Stýri	2. Handbremsa	3. Laust sæti	4. Sætisarmar	5. Hallastilling fyrir sæti
6. Lofffylltur svartur hjólbarði	7. Fóthvíla	8. Framstuðari	9. Aðalljós	10. Laus karfa
11. Veltivarnarhjól	12. Afturstuðari	13. Stefnuljós að aftan og hættuljós	14. Afturljós	15. Glítauga

TE-889XLSBN



TE-889XLSBN (TUV)



VARNADARORÐ

- Ekki aka með farþega.
- Þessu samgöngutæki er ætlað að aðstoða þig. Til að tryggja öryggi þitt skaltu lesa eigandahandbókina áður en þú notar rafskutluna. Leitaðu ráða hjá birgi ef þú ert í vafa.
- Ekki aka í halla yfir 12 gráðum (20% halli).
- Þyngd ökumanns getur verið meiri en þyngd skutlunnar. Draga þarf úr hraða í beygjum.
- Ekki stíga á eða af rafskutlunni nema hemilinn sé virkur og slökkt sé á henni.
- Ekki slökkva á rafskutlunni á meðan hún er á ferð.
- Ekki aka rafskutlunni þar sem ekki er öruggt eða löglegt að ganga.
- Ekki reyna að aka yfir kantsteina sem eru hærri en 80 mm á hæð. Sé það gert getur það valdið því að rafskutlan velti og valdið meiðslum á fólki eða skemmdum á rafskutlunni. Alltaf skal aka beint og á litlum hraða upp á kantsteina sem eru lægri en 80 mm.
- Ekki drekka eða nota farsíma við notkun rafskutlunnar.
- Ekki fara yfir tilgreind þyngdartakmörk notanda fyrir vöruna. Sé það gert getur það valdið meiðslum á fólki og ógilt ábyrgðina.
- Haltu fótunum á rafskutlunni þegar hún er á ferð.
- Gakktu úr skugga um að þú hafir líkamlega getu til að nota þessa skutlu. Leitaðu ráða hjá söluaðila/lækni.
- Hægðu alltaf á þér og farðu varlega þegar þú ekur yfir gróft eða ójafnt undirlag.
- Einstaklingar með jafnvægisvandamál skulu æfa sig í að stíga á rafskutluna með aðstoð fagmenntaðs heilbrigðisstarfsmanns.
- Ekki nota rafskutluna án veltivarnarhjólanna.
- Ekki nota rúllustiga til að færa rafskutluna á milli hæða því það getur valdið alvarlegum meiðslum.
- Ekki aka rafskutlunni í halla ef olía, vatn eða íslag er á jörðu.
- Ekki reyna að lyfta rafskutlunni með því að halda í sætið, stýrið, hlífina á afturhluta skutlunnar eða aðra hluta sem hægt er að fjarlægja. Allt þetta getur valdið meiðslum á notandanum eða skemmdum á rafskutlunni.
- Ekki nota hluti eða aukabúnað sem ekki eru viðurkenndir af upprunalegum framleiðanda rafskutlunnar.
- TAKTU lykilinn úr svissinum áður en þú sest á eða stígur af rafskutlunni. Þetta tryggir að slökkt sé á rafskutlunni og að hún geti ekki hreyfst af sjálfu sér. Til öryggis skal alltaf taka lykilinn úr svissinum þegar rafskutlan er ekki í notkun. Þetta kemur í veg fyrir að þeir sem ekki kunna eða mega nota skutluna noti hana.

- Ekki tengja óviðkomandi búnað við rafhlöðu eða hleðslutengi rafskutlunnar. Þetta gæti valdið bilun í búnaðinum, rafskutlunni og meiðslum á fólki.
- Gakktu úr skugga um að stýrið sé rétt stillt og læst fyrir notandann til að forðast skemmdir og meiðslu á fólki.
- Ekki er leyfilegt að sitja á rafskutlunni þegar hún er flutt á ökutæki, slíkt gæti valdið meiðslum eða skemmdum.
- Ekki nota rafskutluna í rigningu, nálægt sturtu eða á röku baðherbergi. Verði rafskutlan fyrir rigningu eða raka getur það valdið því að rafkerfi hennar bili og hún ryðgi hraðar en ella.
- Ekki halla þér á eða toga í stýrið þegar þú stígur á eða af rafskutlunni. Það gæti valdið meiðslum.
- Ekki nota skutluna eða snúa lyklinum í svissinum meðan á hleðslu stendur.
- Þegar miðjubolti hjólasamstæðunnar hefur verið losaður skal skipta honum út fyrir nýjan bolta frá viðurkenndum söluaðilum og festa hann með 240 ± 5 kg hersluátaki ásamt Loctite 271-lími (eða sambærilegu lími).
- Hlaða skal rafhlöðurnar eftir hvern dag í notkun.
- Aftengja þarf hleðslusnúruna frá rafskutlunni eftir hleðslu.
- Viðurkenndir söluaðilar verða að tryggja að rafhlöðukaplar séu tryggilega festir á rafskaut skutlunnar áður en hún er tekin í notkun.
- Binda þarf rafhlöður niður á réttan og öruggan hátt.
- Ekki má aka skutlunni ef einhver kapall er laus.
- Athuga þarf rafhlöðustöðu skutlunnar áður en hún er notuð.
- Alltaf skal hlaða rafhlöður skutlunnar á vel loftræstu svæði.
- Ef rafskutlan ók yfir eða sökk í djúpt vatn skaltu slökkva á henni og ráðfæra þig strax við viðurkenndan söluaðila.
- Slökktu á skutlunni þegar hún er ekki í notkun eða áður en rafhlöðurnar eru hlaðnar, þær teknar úr eða settar í. Sé það ekki gert getur það valdið meiðslum og/eða skemmdum á skutlunni eða nálægum munum.
- Ekki nota rafskutluna á annan hátt en tilgreindur er í tæknilýsingu skutlunnar í eigendahandbókinni.
- Ekki nota þumal-/fingurstöngina áður en svissað er á. Sé það gert er ekki hægt að nota hana fyrr en svissað hefur verið af og aftur á.
- Stilla þarf hraðastillinn undir 6 til að minnka hraðann þegar ekið er niður halla til að koma í veg fyrir meiðslu á öikumanni eða skemmdir á íhlutum rafskutlunnar.

VIÐVÖRUN UM RAFSEGULTRUFLANIR

Shoprider®-rafskutlur kunna að vera næmar fyrir rafsegultruflunum (EMI), sem eru eins konar rafsegulorka (EM) sem veldur truflunum og berst t.d. frá útvarpsstöðvum, sjónvarpsstöðvum, HAM-sendum, talstöðvum og farsímum.

Truflunin (frá útvarpsbylgjum) getur valdið því að rafskutlan losi um hemilinn, færast af sjálfu sér eða hreyfist í aðra átt en ætlast var til. Hún getur einnig skemmt stjórnkerfi rafskutlunnar varanlega. Uppsprettu rafsegultruflana má í grófum dráttum flokka í þrjár gerðir:

1. Þráðlaus senditæki (sendi- og móttökubúnaður) með loftneti sem er á sendibúnaðinum. Dæmi um slík tæki eru: CB-talstöðvar, talstöðvar, öryggis-, slökkviliðs- og lögreglusendar, farsímar og annar fjarskiptabúnaður til einkanota.

ATHUGAÐU! Sumir farsímar og svipuð tæki senda merki þegar kveikt er á þeim, jafnvel þegar þau eru ekki í notkun.

2. Farsímasendar með miðlungsdrægi, svo sem í lögreglubílum, slökkvibílum, sjúkrabílum og leigubílum. Loftnetið fyrir slíkan búnað er almennt fest utan á ökutækið.
3. Langdrægir sendar og senditæki, svo sem útvarps- og sjónvarpsturnar og HAM-sendar.

ATHUGAÐU! Okkur er ekki kunnugt um að aðrar gerðir þráðlausra tækja, svo sem þráðlausir símar, fartölvur, AM/FM útvörp, sjónvörp, geislaspilarar og kasettutæki, og lítil tæki, svo sem rafmagnsrakvélar og hárpurrkur, séu líkleg til að valda vandræðum í tengslum við rafskutluna.

Rafsegultruflun (EMI) í rafskutlu

Þar sem styrkur rafsegulorku eykst hratt því nær sem viðkomandi er sendibúnaðinum (uppsprettunni) eru rafsegulorkusvið frá þráðlausum senditækjum sérstaklega varasöm. Við notkun þessara tækja er mögulegt að stjórnkerfi rafskutlunnar komist óvart í tæri við mikið magn af rafsegulorku. Þetta getur haft áhrif á hreyfingu og hemlun rafskutlunnar. Þess vegna er mælt til þess að þú fylgir eftirfarandi viðvörðunum til að koma í veg fyrir mögulega truflun á stjórnkerfi rafskutlunnar.

VIÐVARANIR

1. Ekki nota þráðlaus senditæki (sendi- og móttökubúnaður), eins og CB-talstöðvar, eða kveikja Á fjarskiptabúnaði til einkanota, svo sem farsímum, þegar KVEIKT er á rafskutlunni.
2. Varaðu þig á nálægum útsendingaraðilum, svo sem útvarps-og sjónvarpsstöðvum, og reyndu að forðast að fara of nærri þeim.
3. Ef rafskutlan hreyfist eða hemillinn er losaður óvænt skal SLÖKKVA strax á rafskutlunni þegar það er öruggt.
4. Hafðu í huga að með því að bæta aukabúnaði eða hlutum við rafskutluna eða gera einhverjar breytingar á henni kann hún að verða næmari fyrir rafsegulruflunum.

ATHUGAÐU! Ekki er einfalt að meta ónæmi rafskutlunnar í heild.

5. Tilkynntu öll tilvik um óvænta hreyfingu eða hemlun til söluaðila Shoprider® og taktu eftir því hvort rafsegultruflanir kunni að eiga sér uppruna nærri.

VIÐVÖRUN: Upprunalegur framleiðandi og innflytjandi rafskutlunnar bera ekki ábyrgð á skemmdum eða meiðslum sem verða vegna rangrar notkunar á rafskutlunni okkar.

STILLINGAR

Stýrið stillt (mynd 1)

Hægt er að stilla stýrið á fimm mismunandi stöður.

Til að ákvarða hvaða staða hentar þér best skaltu toga varlega í stóru svörtu kúluna sem er vinstra megin á neðri hluta stýrisins og lækka eða hækka stýrið gætilega. Þegar þú ert sátt(ur) við stöðu stýrisins skaltu sleppa svörtu kúlunni og stýrið læsist sjálfkrafa til að tryggja öryggi þitt.




Stillistöng fyrir stýri

Mynd 1

Staða sætis stillt (mynd 2)

Með því að toga í handfangið á sætinu er hægt að færa sætið fram eða aftur. Slepptu handfanginu og sætið læsist í þeirri stöðu. Hægra megin undir sætinu er rautt, gormspennit handfang. Ef togað er í þetta handfang er hægt að snúa sætinu. Þegar því er sleppt læsist sætið í einni af fjórum stöðum.



Stillistöng fyrir snúning sætis

Stöðustöng sætis

Mynd 2

Sætið fjarlæggt (mynd 3)

Felldu sætisbakið niður. Togaðu í stillistöngina fyrir snúning sætis (mynd 2) og lyftu sætinu af.

Stilling á sætishæð (mynd 3)

Fjarlægðu sætið eins og lýst er hér að ofan. Losaðu herslubolta sætisins með sexkantslykli. Fjarlægðu láspinnann sem festir sætistengið. Lyftu sætistenginu af sætisstoðinni. Sætið er hægt að stilla á 3 mismunandi stillingar með því að setja stálláspinnann í viðkomandi gat. Hertu boltann aftur og komdu sætinu fyrir.

Sætistengi

Láspinni sætis

Herslubolti sætis

Mynd 3

Stilling sætisarma

(mynd 4)

Undir sætinu eru tveir stilliboltar, einn á hvorri hlið. Með því að losa stilliboltann er hægt að stilla sætisarminn eða fjarlægja hann fyrir flutning.

Ekki nota rafskutluna án sætisarmanna



Stillibolti

Mynd 4

Hæð (mynd 5)

Hægt er að stilla lóðréttu ferningslaga rörið sem tengt er við sætisarminn í rétta stöðu með því að herða hnúðinn sem stillir hæð sætisarms.




Stillihnúður fyrir sætisarm

Mynd 5

Halli (mynd 6)

Lyftu sætisörmunum upp til að komast að stilliboltanum og lásrónni, losaðu lásróna og hertu eða losaðu boltann til að auka eða minnka hallann. Hertu lásróna aftur. Rafskutlan kemur frá verksmiðjunni með sætisarma samsíða gólfinu.






Stillibolti

Lásró

Mynd 6

STJÓRNTAKKAR Á STÝRI



(1 og 2) Hraðastýring

Hraðastýringin gerir þér kleift að stilla hraða á bilinu 1 (lágmark) til 10 (hámark). Snúðu takkanum rangsælis í „lágmark“ til að draga úr hraða og réttisælis í átt að „hámark“ til að auka hraðann. Rofinn „High / Low“ (hátt/lágt) fyrir aukinn hraða. Gættu sérstakrar varúðar þegar þú notar rafskutluna í stillingunni „High“ (hátt).

ATHUGAÐU: Þegar aka þarf upp halla þarf rofinn að vera stilltur á „High“ (hátt). Mundu að því hærri tölu sem þú stillir hraðastillinn á, þeim mun hraðar fer rafskutlan.

(3) Hleðslustöðuvísir

Fjöldi upplýstra LED-stika sýnir hleðslustöðu rafhlaðanna. Hleðslustaðan er aðeins rétt þegar rafskutlan er í notkun.

Varúð – Ekki láta allar LED-stikurnar slokka því að ef rafhlöðurnar missa alla hleðslu sína getur það valdið varanlegum skemmdum.

(4) Ljós

Blár hnappur aftan á stýrinu stjórnar ljósunum.

(5) Flauta

Gulur hnappur aftan á stýrinu stjórnar flautunni.

(6) Þumal-/fingurstöng

Vinstri þumal-/fingurstöngin stjórnar hreyfingu aftur á bak og hægri þumal-/fingurstöngin stjórnar

hreyfingu fram á við. Hraði rafskutlunnar ákvarðast af því hversu fast er þrýst á hvora stöng. Ef þú sleppir stönginni mun rafskutlan hægt og rólega stöðvast og rafsegulknúni hemillinn er virkjaður.

(7) Sviss

Stingdu lyklinum í hægra megin á stýrinu. Snúðu lyklinum og þá kviknar á LED-stikunum. Það líður smá tími þar til hægt er að nota þumal-/fingurstöngina þar sem stjórn tækin eru að athuga rafrásirnar.

(8) Stefnuljósarofi

Stjórnar stefnuljósum. Ýttu til vinstri til að virkja vinstra stefnuljósið og til hægri til að virkja hægra stefnuljósið.

(9) Hættuljósarofi

Rauður hnappur stjórnar öllum blikkljósum.

Rafsegulknúinn hemill

Hemillinn er sjálfkrafa virkjaður þegar stjórnstöngunum er sleppt. Stutt töf er á virkjun hemilsins þegar rafskutlan hægir ferðina til að hún geti stöðvast mjúklega.

FRÍGÍR


Frígírsstöngin (rautt handfang) er innan á vinstra afturhjólinu. Lyfta skal handfanginu upp til að aftengja mótórin (nú er hægt að ýta rafskutlunni). Ýta skal handfanginu aftur niður til að tengja mótórin að nýju.

**VIÐVÖRUN! Alltaf skal tengja frígírsbúnaðinn aftur eftir notkun.
Sé það ekki gert getur það leitt til meiðsla.**

Veltivarnarhjól

Veltivarnarhjólin eru aftan á grind rafskutlunnar. Ekki skal nota rafskutluna nema veltivarnarhjólin séu á sínum stað.

Upprunalegur framleiðandi og innflytjandi rafskutlunnar bera ekki ábyrgð á skemmdum eða meiðslum sem verða vegna rangrar notkunar á rafskutlunni.



Hætta er á meiðslum ef svissað er af á meðan rafskutlan er á hreyfingu því þá stöðvast hún skyndilega.

- Ef þú þarft að nauðhemla skaltu sleppa inngjafarstönginni og leyfa rafskutlunni að stöðvast alveg.
- Togaðu í handbremsuna, ef hún er til staðar, þar til rafskutlan stöðvast.
- Aðeins ætti að slökkva á rafskutlunni þegar hún er á hreyfingu þegar allt annað þrýtur.

FYRSTU SKREFIN VIÐ NOTKUN RAFSKUTLUNNAR

Hafist handa

- Veldu slétt svæði þar sem er nægt pláss.
- Sestu á rafskutluna, annaðhvort með því að lyfta sætisarminum og renna þér í sætið eða með því að snúa sætinu út og svo til baka svo þú snúir að stýrinu.
- Stilltu stýrið og sætið eins og lýst var hér að framan.

Rafskutlan hreyfð

- Gakktu úr skugga um að þú sitjir í þægilegri stellingu.
- Svissaðu á.
- Hraðastillingin ætti að vera stillt á 1 eða 2.
- Togaðu í fingurstöngina hægra megin og rafskutlan færir hægt áfram. Því fastar sem þú togar því hraðar fer rafskutlan, en hún mun aðeins ná þeim hraða sem hefur verið valinn.
- Ef þú sleppir stönginni mun rafskutlan hægt og rólega stöðvast og rafsegulknúni hemillinn er virkjaður.

Skutlunni stýrt

Auðvelt er að stýra rafskutlunni. Gakktu úr skugga um að þegar þú leggur af stað sé nægt pláss í kringum þig þegar þú beygir til þess að afturhjólin rekist ekki utan í hindranir sem þú ferð framhjá. Þegar þú stýrir skutlunni í gegnum lítið rými eins og dyragátt eða þegar þú snýrð henni við skaltu snúa stýrinu í þá átt sem þú vilt fara í og fara hægt. Beygjuradius skutlunnar er mjög lítill en hún er samt sem áður alveg stöðug svo lengi sem hraði hennar er ekki of mikill.

Skutlunni bakkað

Áður en þú bakkar skaltu ganga úr skugga um að engin hætta eða hindranir séu á svæðinu fyrir aftan skutluna. Stilltu hraðastillinguna á lága stillingu áður en þú bakkar. Togaðu/ýttu á vinstri þumal-/fingurstöngina og gættu þín á hornum og hindrunum.

Stigið af skutlunni

Áður en stigið er af skutlunni skal ganga úr skugga um að svissað hafi verið af.

VARÚÐ: Gæta skal varúðar þegar stigið er á eða af rafskutlunni og ganga skal úr

skugga um að stýri og fóthvíla séu ekki notuð til stuðnings.

VIÐBÓTARLEIÐBEININGAR UM STJÓRN RAFSKUTLUNNAR

Rampar

Stöðugleiki rafskutlunnar ræðst af nokkrum þáttum eins og sætisstöðu, halla og hæð og þyngd þinni. Þegar þú nálgast halla skaltu gera það beint, ekki á ská, og forðast að taka beygjur sé það hægt. Þegar farið er niður ramp eða halla skal hraðastillingin vera stillt á lítinn hraða. Þetta tryggir að ferðin niður sé örugg og að þú hafir góða stjórn á skutlunni. Þegar fingurstöngunum er sleppt stöðvast rafskutlan hægt og rólega.

Öruggur aksturshalli


Fylgdu ávallt leiðbeiningunum um öruggan aksturshalla eins og sýnt er á mynd 7.

Varúð - Ekki svissa af þegar skutlan er á hreyfingu

Gras og möl

Fylgdu leiðbeiningunum sem gefnar voru hér að framan og rafskutlan þín mun standa sig með þryði á ýmiskonar undirlagi. Forðastu hátt gras, lausamöl og sand.

ATHUGAÐU: Þú ættir ekki að nota rafskutluna í rigningu eða á blautu undirlagi. Þetta getur valdið því að mótörinn bili.



Mynd 7

Halli og þyngdir sem sýndar eru hér fyrir þessa rafskutlu gefa til kynna öruggan aksturshalla fyrir notandann og skutluna. Ekki er hægt að tryggja öryggi rafskutlna sem notaðar eru utan þessara færíbreyta og slík notkun kann einnig að valda vandamálum í rafkerfi viðkomandi skutlna síðar meir

RAFHLÖÐUR OG HLEÐSLUTÆKI

Shoprider®-rafskutlunni fylgja viðhaldsfríar einangraðar blýrafhlöður. Hitastig, undirlag, ástand rafhlöðu, gerð hleðslutækis, þyngd notanda, vindhraði o.s.frv. getur haft áhrif á afkastagetu rafhlaðanna. Hleðslustöðuvísirinn er aðeins til hliðsjónar og er nákvæmastur þegar rafskutlan er á ferð, þá sést rétta rafhlöðustaðan.

- Þegar rafskutlan stöðvast getur hleðslustöðuvísirinn gefið til kynna fulla hleðslu.
- Þeir sem nota rafskutluna mikið geta notað allt að 30% eða meira af rafhlöðuhleðslunni á einum degi.
- Þeir sem nota hana ekki mikið kunna að nota aðeins 50% af rafhlöðuhleðslunni á einni viku.
- Í báðum þessum tilvikum skal hlaða rafhlöðuna yfir nótt.

Hleðslutæki

Hleðslutækið sem fylgir með er sérhannað fyrir rafskutluna þína og hentar ef til vill ekki fyrir önnur rafknúin samgöngutæki. Aðeins skal nota hleðslutækið sem fylgir með rafskutlunni, önnur hleðslutæki kunna að valda varanlegum skemmdum á rafhlöðum rafskutlunnar og ógilda ábyrgð hennar. Allar upplýsingar um hleðslutækið og notkun þess er að finna í notendahandbókinni sem fylgir hleðslutækinu.

Fyrsta notkun

Áður en rafskutlan er notuð í fyrsta skipti þarf að hlaða rafhlöðurnar að fullu (sjá verklagsreglur fyrir hleðslu rafhlaða). Hleðslan getur tekið allt að hálfan sólarhring. Ef rafhlöðurnar eru hlaðnar að fullu fyrir fyrstu notkun verður afkastageta rafhlaðanna betri. Sé þetta ekki gert getur það valdið skemmdum.

Hleðsla

Til að hlaða rafhlöðurnar skal tengja 3-pinna klóna í 3-pinna tengilinn á stýrinu. Stingdu rafmagnsklónni í veggtegilinn og hinum endanum í hleðslutækið (2-pinna).

Sjá lýsingu á LED-ljósi eftir hleðslustöðu í

handbók hleðslutækisins. Þegar rafhlöðurnar hafa verið fullhlaðnar skal taka rafmagnssnúruna úr veggnum og síðan taka 3-pinna klóna úr stýrinu.



VIÐVÖRUN: Aðeins skal nota hleðslutækið sem samþykkt hefur verið fyrir notkun með Shoprider®!

Þetta hleðslutæki er eingöngu ætlað til notkunar innanhúss. Það má EKKI komast í snertingu við regn eða vatnsúða.

Ekki skilja hleðslutækið eftir í sambandi við hleðslutengið ef hleðslutækið er ekki að

hlaða.

VIÐHALD

Viðhaldsþjónusta

Gakktu úr skugga um að viðhaldi sé sinnt á rafskutlunni á 12 mánaða fresti til að tryggja að hún virki rétt. Sé það ekki gert getur það valdið stórfelldri bilun sem gæti valdið meiðslum og skemmdum á nálægum munum. Reglubundið viðhald tryggir áhyggjulausa notkun.

Athugaðu

Þeir sem nota rafskutluna mikið kunna að þurfa að láta sinna viðhaldi hennar oft.

Hafðu samband við viðurkenndan söluaðila SHOPRIDER til að fá hann til að sinna nauðsynlegu viðhaldi á hverju ári.

Smurning

Eftirfarandi hluti skal smyrja með léttolíu eða svipuðu smurefni á sex mánaða fresti:

- Snúningsstoð sætis.
- Tannhjól sætislosunarstangar.
- Hjólalegur.
- Öxul rafskutlunnar.

VARÚÐ – EKKI NOTA WD40 TIL AÐ SMYRJA HLUTI!! EKKI SMYRJA

SAMBYGGÐAN GÍRKASSA OG DRIF!! Ef einhverjir erfiðleikar koma upp skaltu ráðfæra þig við söluaðilann.

Þrif

Þrifa skal rafskutluna eftir þörfum, en eins og með allan rafbúnað þarf að gæta ýtrustu varúðar til að skemma ekki viðkvæma hluta með vatni.

Lestu eftirfarandi viðvaranir

- **Aðeins** nota mjúkan og rakan klút.
- **Aldrei** nota slöngu til að þvo rafskutluna.
- **EKKI** nota sverfandi hreinsiefni – Aðeins má nota mild hreinsiefni.

Hjól og hjólbarðar

Hjólin á rafskutlunni eru með samsettar felgur. Á þennan hátt er auðvelt að gera við ef hjólbarði springur.



Til að skipta um hjólin skal fjarlægja miðjuboltann og draga hjólin af öxlunum. Gættu þess að týna ekki drifhnappinum á afturhjólnum. Þegar skipt er um hjólbarða þarf fyrst að tæma allt loft úr honum. Fjarlægðu boltana fjóra til að skipta felgunni ef þörf krefur. Gakktu úr skugga um að þegar hjólið er sett aftur á sé festiboltinn festur með lásskinnu (með drifhnappi fyrir afturhjólið). Mælt er með því að hafa 30 psi þrýsting í afturdekkjum og 25 psi þrýsting í framdekkjum. Athugaðu að smá loft í slöngunni kemur í veg fyrir að slangan klemmist þegar felgan er sett saman aftur.

Varúð: Á hjólbarðanum er gefinn upp 50 psi hámarksþrýstingur. Þetta er hámarksþrýstingur og aldrei ætti að setja slíkan þrýsting í hjólbarðana.

Athugaðu: Halda skal réttum þrýstingi í hjólbörðunum, sem gefinn er upp hér að ofan, til að tryggja að þeir slitni jafnt og auka þægindi í akstri.

LEIÐBEININGAR FYRIR BILANAGREININGU

Útsláttarrofi

Rafskutlan er búin nýjustu rafeindastýringunum sem eru forritaðar til að verja rafkerfið gegn óeðlilegu yfirálagi. Skutlan er búin útsláttarrofa til að verja hana enn betur. Rofinn er undir sætinu. Ef rafskutlan stöðvast að ástæðulausu skaltu athuga hvort útsláttarrofinn hafi slegið út.



Gátlisti

Athugaðu eftirfarandi ef rafskutlan virkar ekki:

- Kveikt er á rafskutlunni.
- Allir tappar og tengi eru fest tryggilega.
- Rafhlöðustaða sýnir fulla hleðslu.
- Frígírsbúnaður er í akstursstöðu.

Ef frígírsbúnaðurinn hefur verið notaður á meðan enn var kveikt á rafskutlunni mun skutlan ekki virka fyrr en svissað hefur verið af og aftur á.

Hafðu samband við söluaðilann ef rafskutlan þín virkar ekki eftir að þú hefur athugað þessi atriði.

Hvíldarstilling

Ef kveikt er á stjórnkerfinu og það er ekki notað í meira en 5 mínútur getur það sjálfkrafa „farið að sofa“. Svissaðu af og aftur á til að endurstilla.

TÆKNILÝSINGAR

Gerðarheiti		TE-889XLSBN / TE-889XLSBN (TÜV)
Heildarmál: L ¹ x b x h	mm(to.)	1430(56) x 680(27) x 1300(51)
Þvermál framdekkis	fjöldi x to.	2 x 14"
Þvermál afturdekkis	fjöldi x to.	2 x 14"
Tilgreind þyngdartakmörk (á jafnsléttu)	kg	225
Heildarþyngd (með rafhlöðu, körfu, sæti)	kg	147
Hleðslugeta rafhlöðu	_V_Ah x fjöldi	12V 75Ah x 2
Hleðslutæki	Amper	8 A
Nafnafl mótors (aðeins til hliðsjónar)	W(hö.)	750(1)
Hámarkshraði ²	km/klst.	14,5 ~ 15
Öruggur aksturshalli	Gráður (%)	Mynd 7
Drægni ³ (fyrir hverja hleðslu með venjulegri rafhlöðu)	km	50 ~ 54
Beygjuradíus	mm(to.)	1800(71)

ALLAR TÆKNILÝSINGAR GETA BREYST ÁN FYRIRVARA

1. Ef veltivarnarhjólin eru tekin með
2. • Þyngd ökumanns getur verið meiri en þyngd skutlunnar. Draga þarf úr hraða í beygjum.
3. Raunverulegt akstursdrægi er breytilegt eftir neðangreindum þáttum:
 - a) þyngd notanda
 - b) ástandi rafhlöðu
 - c) gerð hleðslutækis
 - d) umhverfishita
 - e) aksturslagi
 - f) undirlagi
 - g) vindhraða
 - h) o.s.frv.



Framleiðandi:

PIHSIANG MACHINERY MFG. CO., LTD.
No. 108, Hsin-He Road,
Hsin-Feng Hsiang
304 Hsinchu-sýsla, Taívan



Wellkang Ltd.
Enterprise Hub, NW Business Complex,
1 Beraghmore Rd, Derry, BT48 8SE,
Norður-Írlandi



Wellkang Ltd.
16 Castle St., Dover,
CT16 1PW, Englandi



ATHUGASEMDIR

FYRIRVARI

Til hamingju með kaupin á þessari SHOPRIDER®-rafskutlu.

Rafskutlan er ekki ætluð fyrir einstaklinga með líkamlegar takmarkanir sem kunna að koma í veg fyrir að þeir geti notað skutluna á öruggan hátt. SHOPRIDER® hafnar allri ábyrgð á meiðslum eða eignatjóni sem kann að verða vegna rangrar notkunar á vörum þess.

Leiðbeiningunum hér á undan er ætlað að aðstoða þig við örugga notkun á þessari rafskutlu.

Ef þú þarfnast frekari upplýsinga um rétta notkun rafskutlunnar skaltu hafa samband við söluaðila SHOPRIDER®.

Færðu inn umbeðnar upplýsingar hér fyrir neðan til síðari nota

Söluaðili Shoprider - _____

Gerðarnúmer rafskutlu - _____

Raðnúmer rafskutlu - _____

Kaupdagur - _____

ATHUGAÐU: Þessi eigendahandbók er prentuð út frá nýjustu tæknilýsingum og vöruupplýsingum sem voru tiltækar þegar hún var gefin út. SHOPRIDER® áskilur sér rétt til að gera breytingar eftir þörfum. Allar breytingar á vörum frá SHOPRIDER® geta valdið því að örlítill munur sé á skýringarmyndunum og útskýringunum í þessari handbók og þeirri gerð af rafskutlu sem var keypt.

Innflutningsaðili

PÓSTHÓLF:

SHOPRIDER EUROPE S.A.
ZAE ROBERT STEICHEN
5 RUE BOMMEL
L-4940 HAUTCHARAGE
LÚXEMBOURG

Sími: +352 – 26 65 65 77

Fax: +352 – 26 65 65 1

Netfang: info@shoprider.eu.com

Vefsíða: www.shoprider.eu.com

SKRIFSTOFA & VÖRUHÚS:

SHOPRIDER EUROPE S.A.
POLE EUROPEEN DE DEVELOPPEMENT (PED)
AVENUE DE L'EUROPE
L-4802 LAMADELAINE
LÚXEMBOURG

Hlutarnr.: